- a) Skólalærd Laugalandsskóla í samvinnu við fræðslunefnd samkvæmt samþykktum erindisbréfum skólastjóra og fræðslunefndar.
- b) Safn bóka, skjala, mynd- og nýsiefnis. Einnig fyrir hvers konar fræðiiðkanir í tengslum við safnið og útlán efnis.
- c) Rekstur leikskóla.
- d) Ferðapjónustu, funda- og ráðstefnuhald.
- e) Almennar íþróttaiðkanir.
- f) Lista-, félags- og fundarstarfsemi íbúa aðildarhreppanna.
- g) Móttöku utanaðkomandi aðila sem flytja menningarlegt efni, svo sem tónlistar- og leikhópa, listasýningar o.fl. þess háttar.

#### 2. grein

Eigendur og rekstraraðilar eignanna eru Rangárþing ytra og Ásahreppur, Rangárvalla-sýslu. Rekstrarkostnaður skal skiptast eftir sömu hlutföllum og gilda um rekstur Laugalandsskóla.

Hlutdeild hreppanna í rekstri grunn- og leikskóla er fundin út með eftirfarandi hætti:

1. Eignahlutfall hreppanna vegur 50% af heildarkostnaði.
2. Hlutfall nemenda í skólanum pr. 1. október ár hvert vegur 50% af heildarkostnaði.

Síðan er hlutfall hvors sveitarfélags lagt saman og þannig fundin út raunveruleg kostnaðarskipting milli hreppanna og er það gert í lok hvers árs.

Eignaraðild hreppanna er sem hér segir:

Rangárþing ytra	67,25%
Ásahreppur	32,75%

#### 3. grein

Með rekstrarstjórn eignanna fer samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps. Samráðsnefndin er skipuð kjörnum hreppsnefndarmönnum í Ásahreppi og kjörnum fulltrúum hreppsráðs Rangárþings ytra ásamt sveitarstjóra Rangárþings ytra (sjá nánar samþykkt um samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps).

#### 4. grein

Eignaumsjón Rangárbings ytra og Ásahrepps fer með viðhald, útleigu og nýbyggingar eigna samkvæmt umboði sveitarstjórna og reglum þar um.

#### 5. grein

Stjórnendur stofnana fara með daglegan rekstur stofnana sinna og bera ábyrgð í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og erindisbréf. Þeir bera fjárhagslega ábyrgð skv. rammafjárhagsáætlun sem samþykkt er af báðum sveitarfélögum.

#### 6. grein

***Laugalandsskóli hefur einkanot af húsrými því sem hér greinir:***

Smíðastofa og aðrar skólastofur sem útbúnar kunna að verða til sérnota, norðurhluti kennslurýmis í Súlnasal, skrifstofa skólastjóra, kennarastofa, vinnuherbergi kennara, ljósritunaraðstaða og áhalda- og bókageymslur.

Öll notkun húsnæðis innan ofangreindra marka er háð samþykki skólastjóra hverju sinni. Þurfi skólinn á meira húsnæði að halda en hann hefur forgang að samkvæmt ofansögðu þarf hann að sækja um og greiða fyrir það eins og aðrir.

Laugalandsskóli skal hafa forgang að notkun á einstökum hlutum hússins sem hér segir:

**Almennar skólastofur:** Alla daga vikunnar á starfstíma skóla, sbr. áætlun sem lögð er fram í upphafi hvers skólaárs.

**Íþróttahús, hliðarrými þess og sundlaug, eldhús, matsalur og Miðgarður:** Alla reglulega skóladaga á starfstíma skóla, sbr. áætlun sem lögð er fram í upphafi hvers skólaárs. Undanskilinn er kjallari undir stóra sviðinu í hliðarrými íþróttahúss.

#### 7. grein

Bókasafnið á Laugalandi er hvort tveggja almennings- og skólabókasafn. Safnstjórn skal skipuð 3 mönnum. Skulu hreppsnefndir Ásahrepps og hreppsnefnd Rangárbings ytra kjósa einn mann hvor í stjórnina og jafnmarga til vara að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Einnig skal skólastjóri Laugalandsskóla eða fulltrúi hans sitja í stjórn. Einnig skal skólastjóri tilnefna varamann. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Ráðningu starfsmanns á safnið annast skólastjóri með samþykki fulltrúa hreppanna í stjórninni. Reikningshald safnsins er í höndum þess aðila sem sér um annað reikningshald eignanna.

Safnið starfar samkvæmt sérstökum reglum um starfsemi þess. Skóli og safnsnefnd hafa allt árið full yfirráð yfir húsnæði safnsins.

### 8. grein

Reikningshald fyrir allar ofangreindar eignir skal vera í höndum aðila sem báðir rekstraraðilar samþykkja.

Kjörnir skoðunarmenn ársreikninga sveitarfélaganna skulu vera skoðunarmenn reikninga. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem hreppsnefndir aðildarhreppanna koma sér saman um.

### 9. grein

Óski sveitarstjórnir, önnur eða báðar, eftir endurskoðun þessarar samþykktar skal endurskoðun fara fram og hljóta samþykki beggja sveitarstjórna.




### 10. grein

Samþykktin tekur gildi strax og hreppsnefndir Rangárþings ytra og Ásahrepps hafa samþykkt hana.



Laugalandi, 24. maí 2004

F.h. Ásahrepps

F.h. Rangárþings ytra

Vottar:

 Sveitarstjóri  
Rangárþings ytra  
 kt. 140951-2349





---

## S A M Þ Y K K T

### fyrir rekstur sameiginlegra stofnana og eigna Rangárbíngs ytra og Ásahrepps á Laugalandi

---

#### 1. grein

Hlutverk rekstursins er að skapa fullnægjandi aðstöðu fyrir:

- a) Skólahald Laugalandsskóla í samvinnu við fræðslunefnd samkvæmt samþykktum erindisbréfum skólastjóra og fræðslunefndar.
- b) Rekstur leikskóla í samvinnu við fræðslunefnd samkvæmt samþykktum erindisbréfum leikskólastjóra og fræðslunefndar.
- c) Safn bóka, skjala, mynd- og nýsigögn. Einnig fyrir hvers konar fræðiiðkanir í tengslum við safnið og útlán efnis.
- d) Rekstur mótuneytis sameiginlegra stofnana.
- e) Funda- og ráðstefnuhald.
- f) Almennar íþróttaiðkanir.
- g) Lista-, félags- og fundarstarfsemi íbúa sveitarfélaganna.
- h) Móttöku utanaðkomandi aðila sem flytja menningartengt efni, svo sem tónlistar- og leikhópa, listasýningar o.fl. þess háttar.

#### 2. grein

Eigendur og rekstraraðilar eignanna eru Rangárbíng ytra og Ásahreppur, Rangárvallasýslu. Rekstrarkostnaður skal skiptast eftir sömu hlutföllum og gilda um rekstur Laugalandsskóla.

Hlutdeild sveitarfélaganna í rekstri grunn- og leikskóla er fundin út með eftirfarandi hætti:

1. Eignaraðild sveitarfélaganna vegur 50% af heildarkostnaði.
2. Hlutfall nemenda í skólanum pr. 1. október ár hvert vegur 50% af heildarkostnaði.
3. Varðandi leikskóla er miðað við fjölda barngilda. Við útreikning kostnaðarskiptingar vegna grunnskóla og annarra rekstrareininga skal miðað við fjölda nemenda í grunnskólanum.

Síðan er hlutfall hvors sveitarfélags lagt saman og þannig fundin út endanleg kostnaðarskipting milli sveitarfélaganna og er það gert í lok hvers árs.

Eignaraðild sveitarfélaganna er sem hér segir:

Rangárbíng ytra	67,25%
Ásahreppur	32,75%

#### 3. grein

Með rekstur eignanna fer „rekstrarstjórn“ sem skipuð skal framkvæmdastjórum sveitarfélaganna Ásahrepps og Rangárbíngs ytra. Rekstrarstjórnin skal funda með stjórnendum stofnana á Laugalandi mánaðarlega og oftar ef þurfa þykir. Minnisþuntar þeirra funda, ásamt

6/1  
3/2

fjárhagsáætlun og ársreikningum stofnanna hverju sinni skulu liggja fyrir á samráðsnefndarfundum sveitarfélaganna.

#### 4. grein

Rekstrarstjórn ber ábyrgð á að útbúa fjárhagsáætlanir fyrir stofnanir, sjá um ákvarðanir sem tengjast daglegum rekstri og hefur eftirlit m.a. með bókhaldi, innheimtu og fjárhagsstöðu í samráði við forsvarsmenn stofnana og starfsmann eignaumsjónar. Fjárhagsáætlanir og ársreikningar stofnana þarfnast samþykkis beggja sveitarstjórna.

#### 5. grein

Samráðsnefnd Rangárpings ytra og Ásahrepps fjallar um málefni Laugalandis eftir því sem þörf krefur. Í samþykkt um samráðsnefnd Rangárpings ytra og Ásahrepps er fjallað um skipan og starfsemi nefndarinnar. Allar ákvarðanir sem teknar eru og bókaðar á fundum samtáðsnefndarinnar og varða málefni Laugalandis þarfnast formlegrar staðfestingar beggja sveitarstjórna til þess að öðlast gildi.

#### 6. grein

Eignaumsjón Rangárpings ytra og Ásahrepps fer með viðhald, útleigu og nýbyggingar eigna samkvæmt umboði sveitarstjórna og reglum þar um.

#### 7. grein

Stjórnendur stofnana fara með daglegan rekstur stofnana sinna og bera ábyrgð í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og erindisbréf. Þeir bera fjárhagslega ábyrgð skv. rammafjárhagsáætlun sem samþykkt er af báðum sveitarstjórnnum.

#### 8. grein

Laugalandsskóli hefur einkanot af húsrými því sem hér greinir:

Skrifstofa skólastjóra og skrifstofa aðstoðarskólastjóra, smíðastofa, tölvustofa, málmsmíðastofa og aðrar skólastofur sem útbúnar kunna að verða til sérnóta, vinnuherbergi kennara, ljósritunaraðstaða og áhalda- og bókageymslur.

Öll notkun húsnæðis innan ofangreindra marka er háð samþykki skólastjóra hverju sinni. Laugalandsskóli skal hafa forgang að notkun á einstökum hlutum hússins sem hér segir:

- a) Almennar skólastofur: Alla daga vikunnar á starfstíma skóla, sbr. áætlun sem lögð er fram í upphafi hvers skólaárs.
- b) Íþróttahús, hliðarrými þess og sundlaug, eldhús, matsalur og Miðgarður: Alla reglulega skóladaga á starfstíma skóla, sbr. áætlun sem lögð er fram í upphafi hvers skólaárs. Undanskilinn er kjallari undir stóra sviðinu í hliðarrými íþróttahúss.

Leikskólinn á Laugalandi hefur einkanot af húsrými því sem hér greinir:

Súlnasalur og það rými sem tilheyrir honum, inngang, geymslur og snyrtingar.

Skrifstofa leikskólastjóra og vinnuherbergi leikskólakennara á neðri hæð skólans.

W. J.  
GTE

Öll notkun húsnæðis innan ofangreindra marka er háð samþykki leikskólastjóra hverju sinni. Laugalandsskóli og Leikskólinn á Laugalandi hafa einkanot af húsrými því sem hér greinir: Kaffistofa, fundarsalur, forstofa, gangur og snyrtingar á neðri hæð skólans.

Öll notkun húsnæðis innan ofangreindra marka er háð samþykki skólastjóra/leikskólastjóra hverju sinni.

Þurfi skólarnir á meira húsnæði að halda en þeir hafa forgang að samkvæmt ofansögðu þurfa þeir að sækja um og greiða fyrir það eins og aðrir.

### 9. grein

Bókasafnið á Laugalandi er hvort tveggja almennings- og skólabókasafn. Safnstjórn skal skipuð þremur mönnum. Skal hreppsnefnd Ásahrepps kjósa einn mann og einn til vara og hreppsnefnd Rangárþings ytra kjósa tvo menn í stjórnina og jafnmarga til vara að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Einnig skulu skólastjóri Laugalandsskóla og leikskólastjóri eða fulltrúar þeirra sitja í stjórninni. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Ráðningu starfsmanns á safnið annast skólastjóri með samþykki fulltrúa sveitarfélaganna í stjórninni. Reikningshald safnsins er í höndum þess aðila sem sér um annað reikningshald eignanna.

Safnið starfar samkvæmt sérstökum reglum um starfsemi þess. Skóli og safnstjórn hafa allt árið full yfirráð yfir húsnæði safnsins.

### 10. grein

Reikningshald fyrir allar ofangreindar eignir skal vera í höndum aðila sem báðir rekstraraðilar samþykkja og skal gerður skriflegur samningur um það.

Kjörnir skoðunarmenn ársreikninga sveitarfélaganna skulu vera skoðunarmenn ársreikninga. Ársreikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna koma sér saman um.


### 11. grein

Óski sveitarstjórnir, önnur eða báðar, eftir endurskoðun þessarar samþykktar skal endurskoðun fara fram og hljóta samþykki beggja sveitarstjórna.

### 12. grein

Samþykktin tekur gildi strax og sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Ásahrepps hafa samþykkt hana.

Hellu, 28. júní 2011

F.h. Ásahrepps  
  
Eydis Þ. Indriðadóttir

F.h. Rangárþings ytra  
  
Gunnsteinn R. Ómarsson

## SAMÞYKKTIR FYRIR BYGGÐASAMLAGIÐ HÚSAKYNNI.

### 1. gr.

Félagið er byggðasamlag og heitir **Húsakynni**. Heimilisfang félagsins er Prúðvangur 18, Helli, Rangárvallasýslu.

### 2. gr.

**Húsakynni bs.** er sjálfseignarstofnun. Aðild að því eiga eftirtalin sveitarfélög í Rangárvallasýslu: Rangárvallahreppur, Ásahreppur, Djúpárhreppur og Holta- og Landsveit. Aðalfundur byggðasamlagsins getur heimilað öðrum sveitarfélögum aðild síðar.

### 3. gr.

Hlutverk byggðasamlagsins er að annast rekstur þeirra fasteigna sem stofnaðilar skv. 2. gr. eiga og sem nýttar hafa verið til sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna. Við stofnun er um að ræða einbýlishúsin nr. 5 við Fossöldu og nr. 9 við Laufskála á Helli. Aðalfundur getur ákveðið að auka við hlutverk byggðasamlagsins, sbr. þó 7. gr.

### 4. gr.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skal hvert aðildarsveitarfélag kjósa einn fulltrúa til setu í stjórn byggðasamlagsins og einn til vara. Stjórn skiptir með sér verkum og kýs úr sínum hópi formann, varaformann, ritara og meðstjórnanda. Stjórnin getur ákveðið að ráða sérstakan aðila til að annast fjárreiður og framkvæmdastjórn fyrir samlagið.

### 5. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert. Aukafundi skal halda svo oft sem þurfa þykir og boðar formaður til stjórnarfunda. Á aðalfundi hefur hvert aðildarsveitarfélag atkvæðisrétt í hlutfalli við íbúafjölda eins og hann var hinn 1. desember árið á undan.

### 6. gr.

Tillögur um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins skulu berast stjórn þess í síðasta lagi tíu sólarhringum fyrir aðalfund. Tillöguflytjandi skal jafnframt kynna öllum aðildarsveitarfélögum tillöguna bréflaga með sama fyrirvara.

### 7. gr.

Ákvarðanir aðalfundar og annarra funda í samlaginu, löglega til boðaðra, eru bindandi ef einfaldur meirihluti fulltrúa eigenda samþykkir, þó að undanteknum ákvörðunum skv. 8. gr. Þó skal afla staðfestingar sveitarstjórna fyrir kaupum og sölum fasteigna fyrir samlagið. Samþykktum samlagsins verður þó aðeins breytt á aðalfundi með samþykki 2/3 hluta atkvæðamagns á fundi. Aðalfundur skal boða bréflaga með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

8. gr.

Til að slíta byggðasamlaginu þarf samþykki a.m.k. 2/3 hluta allra eigenda í því á löglega boðuðum fundi. Við slit samlagsins ganga eignir þess og/eða skuldir til aðildarsveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúafjölda.

9. gr.

Þar sem eigi er ódrúvísi ákveðið í samþykktum þessum gilda eftir því sem við eiga meginreglur sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um meðferð mála, skyldur og réttindi stjórnarmanna, starfslíð, meðferð fjármála og endurskoðun ársreikninga.

10. gr.


Samþykktir þessar öðlast gildi á stofnfundi byggðasamlagsins.

Hellu, 17. nóvember 1999

Rangárvallahreppur:




Ásahreppur:



Djúpárhreppur:



Holta- og Landsveit:



## STOFNSAMNINGUR FYRIR BYGGÐASAMLAGIÐ HÚSAKYNNI.

1. Eftirtalin sveitarfélög samþykkja að gerast aðilar að **Húsakynnum bs.** og taka jafnframt ábyrgð á framkvæmdum samlagsins og rekstri í hlutfalli við íbúafjölda hvers þeirra:

Rangárvallahreppur, kt. 530269-1919, Laufskálum 2, Hellu.


Ásahreppur, kt. 430169-0339, Laugalandi, 851 Hellu.

Djúpárhreppur, kt. 500169-2229, Samkomuhúsi Þykkvabæjar, 851 Hellu.

Holta- og Landsveit, kt. 410793-2619, Laugalandi, 851 Hellu.

2. Önnur sveitarfélög geta orðið aðilar ef aðalfundur samlagsins samþykkir.
3. Stofn- og rekstrarkostnaður greiðist af aðildarsveitarfélögunum í hlutfalli við íbúafjölda eins og hann verður í upphafi hvers rekstrarárs, en sveitarsjóðir bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum samlagsins, sbr. 82. gr. laga nr. 45/1998.
4. Byggðasamlagið er sjálfseignarstofnun sem byggð skal upp á rekstri þeirra fasteigna sem aðildarsveitarfélögin eiga sameiginlega svo og öðrum þeim verkefnum sem stjórnin kann að fela samlaginu. Við stofnun leggja aðildarsveitarfélögin samlaginu til fasteignirnar nr. 5 við Fossöldu og nr. 9 við Laufskála á Hellu. Tekjur fær samlagið m.a. af rekstri fasteigna og framlögum sveitarfélaganna eftir því sem stjórnin ákveður hverju sinni.
5. Stjórn samlagsins er heimilt að leita eftir lánsfé fyrir stofnkostnaði og rekstri ef þörf er á. Aðildarsveitarfélög munu veita samlaginu aðstoð við lánsfjárútvægum með einfaldri ábyrgð á skuldbindingum hennar.
6. Fulltrúar eftirtalinna sveitarfélaga undirrita stofnsamning þennan á stofnfundi **Húsakynna bs.** sem haldinn er á Hellu hinn 17. nóvember 1999.

Rangárvallahreppur:




Djúpárhreppur:



Ásahreppur:



Holta- og Landsveit:



# SAMÞYKKTIR FYRIR BYGGÐASAMLAGIÐ HÚSAKYNNI.

1. gr.

Félagið er byggðasamlag og nafn þess er Húsakynni bs.

2. gr.

Heimilisfang byggðasamlagsins er að Þrúðvangi 18 á Hellu og starfssvæði þess er Ásahreppur og Rangárþing ytra í Rangárvallasýslu.

3. gr.

Tilgangur byggðasamlagsins er rekstur og útleiga á íbúðum sem langtímaverkefni, bygging, kaup og sala íbúðarhúsnæðis, auk umsýslu, viðskipta og endurbóta fasteigna, ásamt lánstarfsemi og öðrum verkefnum er tengjast starfsemi byggðasamlagsins.

**Leiguíbúðir skv. VIII. kafla laga um húsnæðismál og  
reglugerð um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur.**

4. gr.

Réttur til íbúðarhúsnæðis sem ráðstafað er til útleigu er bundinn skilyrðum um tekju- og eignarmörk og aðstæður umsækjanda. Réttur félagsmanna til íbúða fer því eftir VI. Kafla reglugerður nr. 873/2001.

5. gr.

Við gerð rekstraráætlana vegna ákvörðunar á leigugjaldi er við það miðað að reksturinn standi undir sér. Verði hagnaður of rekstri félagsins skal hann ekki greiddur út sem arður til eigenda heldur skal hann lagður í sérstakan framkvæmdasjóð á vegum félagsins. Ákvæðum 1. mgr. um afkomu félagsins má ekki breyta nema með samþykki félagsmálaráðherra.

6. gr.

Réttur til íbúðarhúsnæðis, sem lánað hefur verið til samkvæmt reglugerð, nr. 873/2001, er bundinn skilyrðum um tekju- og eignarmörk og aðstæður umsækjanda. Við mat á aðstæðum skal meðal annars líta til húsnæðisaðstæðna umsækjanda, gerðar og ástands þess íbúðarhúsnæðis sem hann býr í er hann sækir um leiguhúsnæði og fjölskylduaðstæðna, þ. á m. fjölda barna. Einnig kemur til athugunar heilsufar umsækjanda og vinnugeta hans. Við úthlutun leiguíbúða skal gæta ákvæða laga um húsnæðismál. Stjórn félagsins skal setja sér reglur um úthlutun íbúða til umsækjanda á grundvelli tekju- og eignarmarkna VI. kafla reglugerðar nr. 873/2001. Bera skal reglur stjórnar um úthlutun undir aðalfund til samþykktar.

7. gr.

Leiga greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Mánaðarlegt leigugjald íbúða sem njóta láns til leiguíbúða úr Íbúðalánasjóði skal miðast við þann kostnað sem eigandi íbúðarinnar hefur af íbúðinni.

Ákveða má að leiga verði tiltekin fjárhæð sem svarar til áætlaðra rekstrarútgjalda samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun, að teknu tilliti til tekna af hinum leigðu íbúðum og annarra tekna, svo sem vaxtatekna og eftir atvikum styrkja. Einnig skal leggja til grundvallar reglur Íbúðalánasjóðs um útreikning húsaleigu sem sjóðurinn útbýr og sendir út.

8. gr.

Leiga skal svara til fjárhæðar sem nemur samanlögðum kostnaði af eftirtöldum útgjöldum og rekstrarkostnaði:

1. Ársvöxtum, afborgunum og verðbótum af áhvilandi láni Íbúðalánasjóðs.
2. Vaxtakostnaði af nauðsynlegu framlagi, þó að hámarki sömu vextir og eru á hverjum tíma af almennum lánum Íbúðalánasjóðs.
3. Fasteigna- og brunabótaíðgjöldum af íbúðinni. Sama gildir um húseigandatryggingu.
4. Kostnaði við viðhald íbúðar og sameiginlegt viðhald fjöleignarhúss.
5. Kostnaði er til fellur við umsjón með daglegum rekstri leiguhúsnaðis, svo sem við sameiginleg þrif, sorphreinsun og húsvörslu ef ákveðið er slíkt fyrirkomulag og að kostnaður vegna slíkra þátta falli undir leigu.

9. gr.

Félagi er heimilt að selja leigjanda eða félagsmanni, sem uppfyllir skilyrði um tekju- og eignarmörk, eignarhlut (afnotarétt) í íbúð með þeirri kvæð að hlutur kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni. Gjaldið má nema allt að 10% af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar. Við lok samningstímans skal hluturinn endurgreiðast með fullum verðbótum samkvæmt vísitölu neysluverðs, án vaxta. Óheimilt er að hafa eigendaskipti á íbúð sem á hvílir lán til leiguhúsnaðis nema til komi annaðhvort uppgreiðsla lánsins eða samþykki stjórnar Íbúðalánasjóðs um yfirtökuna.

10. gr.

Stjórn félagsins skal senda Íbúðalánasjóði reglulega yfirlit yfir úthlutanir á íbúðum. Félagið er háð eftirliti Íbúðalánasjóðs með rekstri, ráðstöfunum og samningum félagsins og er skylt að afhenda öll þau gögn og upplýsingar er Íbúðalánasjóður óskar eftir skv. 40. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, og 31. og 32. gr. reglugerðar, nr. 873/2001.

11. gr.

Félagið starfar samkvæmt ákvæðum laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, og reglugerðar um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur, nr. 873/2001, og þeirra laga og reglugerða er koma í þeirra stað.

12. gr.

Sveitarfélag sem leggur Húsakynnum bs. til íbúðir í eigu sveitarfélaganna ber áfram ábyrgð gagnvart Íbúðalánasjóði á þeim fjárhagsskuldbindingum sem til hefur stofnað vegna byggingar eða kaupa slíkra íbúða sbr. 38. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998 með síðari breytingum.



**Leiguíbúðir skv. 16. gr. laga um húsnæðismál og  
VIII. kafla reglugerðar um lánaflokka Íbúðalánasjóðs.**

13. gr.

Réttur til leiguíbúða samlagsins og úthlutun þeirra fer eftir reglum sem stjórn þess setur sér. Reglur þessar skulu vera aðgengilegar.

14. gr.

Leiga greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Mánaðarlegt leigugjald íbúða sem njóta láns til leiguíbúða úr Íbúðalánasjóði skal miðast sem mest við þann kostnað sem byggðasamlagið hefur af íbúðinni og rekstri hennar. Ákveða má að leiga verði tiltekin fjárhæð sem svarar til áætlaðra rekstrarútgjalda samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun byggðasamlagsins, að teknu tilliti til tekna af hinum leigðu íbúðum og annarra tekna. Leigufjárhæð er ákveðin af stjórn félagsins.

15. gr.

Óheimilt er að hafa eigendaskipti á íbúð sem á hvílir lán til leiguhúsnæðis, nema til komi annaðhvort uppgreiðsla lánsins eða samþykki stjórnar Íbúðalánasjóðs um yfirtökuna.

16. gr.

Aðilar að byggðasamlaginu eru sveitarfélögin Ásahreppur og Rangárþing ytra í Rangárvallasýslu. Aðalfundur byggðasamlagsins getur heimilað öðrum sveitarfélögum aðild síðar.

17. gr.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skal Ásahreppur kjósa einn fulltrúa til setu í stjórn byggðasamlagsins og einn til vara. Rangárþing ytra skal kjósa tvo fulltrúa og tvo til vara. Stjórn skiptir með sér verkum og kýs úr sínum hópi formann, varaformann og ritara. Stjórnin getur ákveðið að ráða sérstakan aðila til að annast fjárreiður og framkvæmdastjórn fyrir félagið.

18. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert. Aukafundi skal halda svo oft sem þurfa þykir og boðar formaður til stjórnarfunda. Á aðalfundi hefur hvort aðildarsveitarfélag atkvæðisrétt í hlutfalli við íbúafjölda eins og hann var hinn 1. desember árið á undan. Aðalfundur skal kjósa byggðasamlaginu skoðunarmann til eins árs í senn og annan til vara.

19. gr.

Tillögur um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins skulu berast stjórn þess í síðasta lagi tíu sólarhringum fyrir aðalfund. Tillöguflytjandi skal jafnframt kynna öllum aðildarsveitarfélögum tillöguna bréflega með sama fyrirvara.

20. gr.

Ákvarðanir aðalfundar og annara funda í samlaginu, löglega til boðaðra, eru bindandi ef einfaldur meirihluti fulltrúa eigenda samþykkir, þó að undanteknum ákvörðunum skv. 13. gr. Þó skal afla staðfestingar sveitarstjórna fyrir kaupum og sölum fasteigna fyrir samlagið. Samþykktum samlagsins verður þó aðeins breytt á aðalfundi með samþykki 2/3 hluta atkvæðamagns á fundi. Aðalfund skal boða bréflaga með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

21. gr.

Til að slíta byggðasamlaginu þarf samþykki a.m.k. 2/3 hluta allra eigenda í því á löglega boðuðum fundi. Við slit samlagsins ganga eignir þess og/ eða skuldir til aðildarsveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúafjölda.

22. gr.

Þar sem eigi er öðruvísi ákveðið í samþykktum þessum gilda eftir því sem við eiga meginreglur sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um meðferð mála, skyldur og réttindi stjórnarmanna, starfslið, meðferð fjármála og endurskoðun ársreikninga.

23. gr.

Samþykktir þessar öðlast gildi á aukaaðalfundi byggðasamlagsins þann 30. september 2004 og jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir frá 7. október 2003.

Hellu 30. september 2004

*Ásahreppur:*

*Rangárþing ytra:*

Sveitarstjórnir Rangárbings ytra og Ásahrepps gera með sér svobljóðandi

## STOFNSAMNING

### 1. gr.

Sveitarfélögin sem standa að samningi þessum reka sameiginlega frá og með 1. janúar 2006 byggðasamlag um rekstur vatnsveitu og er byggðasamlagið stofnað í samræmi við VIII. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Eignarhlutföll aðildarsveitarfélaganna byggja á bókfærðu verði samkvæmt ársreikningi Rangárbings ytra 2004 og ársreikningi Holtaveitunnar 2004. Eru hlutföllin og þar með eignaraðild eftirfarandi:

Rangárbing ytra	82%
Ásahreppur	18%

### 2. gr.

Heimili og varnarþing vatnsveitunnar er á Hellu.

### 3. gr.

Starfssvæði vatnsveitunnar er hið sama og staðarmörk aðildarsveitarfélaganna, Rangárbings ytra og Ásahrepps, sbr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

### 4. gr.

Hlutverk Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps er:

- Að annast rekstur vatnsveitu fyrir aðildarsveitarfélögin.
- Að ákveða framkvæmd vatnsveitumála á starfssvæði vatnsveitunnar í samræmi við samþykktir sínar og ákvæði laga, þar á meðal að hafa yfirumsjón með uppbyggingu og viðhaldi veitunnar, virkjun vatnsbóla, lagningu vatnsæða, og byggingu annarra mannvirkja sem nauðsynleg kunna að vera til reksturs veitunnar.
- Að kappkosta að starfsminni sé ávallt hagað þannig að hún uppfylli ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfis um rekstur vatnsveitu.
- Að framkvæma gjaldskrárstefnu með þeim hætti að íbúar í sveitarfélögunum og atvinnulíf njóti hagkvæms reksturs.
- Að tryggja öryggi og auka sveigjanleika í rekstri vatnsveitu fyrir aðildarsveitarfélögin.
- Að stuðla að tæknilegum framförum.
- Að haga starfsminni þannig að hún verði ávallt í fararbroddi og sáttt við umhverfið.
- Að annast og stuðla að sölu á vatni út fyrir starfssvæði veitunnar til utanaðkomandi aðila.

Til að ná markmiðum sínum er vatnsveitunni heimilt að eignast hlut í öðrum fyrirtækjum sem starfa á sama sviði. Ákvarðanir um hlutafjárkaup skulu þó njóta stuðnings og samþykkis bæggja aðildarsveitarfélaganna.

Vatnsveitan hefur þau réttindi og á henni hvíla þær skyldur, sem kveðið er á um í lögum nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð nr. 401/2005, með síðari breytingum.

### 5. gr.

SP JJ.

Aðalfund vatnsveitunnar skal halda fyrir lok aprilmánaðar ár hvert. Á kosningarári sveitarstjórna skal halda hann að loknum kosningum en þó eigi síðar en 15. september.

Aukaaðalfund skal boða ef þörf krefur að mati stjórnar eða ef annað aðildarsveitarfélagið krefst þess.

Stjórn Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps semur dagskrá aðalfundar og skal hún send aðalfundarfulltrúum eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfundinn.

Aðalfundur mótar stefnu vatnsveitunnar og ákveður hvaða mál skuli lögð mest áhersla á fram að næsta aðalfundi. Á aðalfundi leggur stjórn veitunnar fram skýrslu um liðið starfsár, endurskoðaða reikninga og tillögur að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir yfirstandandi ár.

Tillögur og ályktanir sem hljóta eiga afgreiðslu á aðalfundi skal að jafnaði leggja fram og kynna í upphafi fundar.

#### 6. gr.

Á aðalfundi vatnsveitunnar eiga sæti allir sveitarstjórnarfulltrúar hvors sveitarfélags/eignaraðila og hefur hver þeirra eitt atkvæði. Einnig eiga seturétt á aðalfundi stjórnarmenn vatnsveitunnar, framkvæmdastjóri hennar og framkvæmdastjórar sveitarfélaganna með málfrelsi og tillögurétti.

Kjörgengir á aðalfund eru sveitarstjórnarmenn og varamenn þeirra. Sveitarstjórnarmaður missir kjörgengi sitt á næsta aðalfundi eftir að hann hættir setu í sveitarstjórn.

#### 7. gr.

Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Samþykktum byggðasamlagsins verður þó aðeins breytt á aðalfundi með samþykki beggja sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.

Á aðalfundi skal kosin 3 manna stjórn vatnsveitunnar og 3 til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kys sér formann og varaformann.

Aðalfundur skal kjósa tvo skoðunarmenn ársreikninga og tvo til vara. Skulu þeir yfirfara og árita ársreikninga veitunnar.

#### 8. gr.

Stjórnin er málsvari vatnsveitunnar á milli aðalfunda og fylgir fram samþykktum stjórnarfundar og aðalfundar. Stjórnin vinnur að stefnumarkandi málum og gerir tillögur um ný mál, er leggja skal fyrir aðalfund til ákvörðunar.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra (veitustjóra), nema annað sé ákveðið. Gera skal sérstakan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra og skal stjórn vatnsveitunnar setja honum erindisbréf, þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans.

Stjórn skal leggja fyrir aðalfund fjárhagsáætlun fyrir komandi reikningsár, sem er almanaksárið. Áður skal vera búið að fjalla um tillögu að fjárhagsáætlun í sveitarstjórnunum aðildarsveitarfélaganna. Fjárhagsáætlun skal skipta annars vegar í rekstraráætlun, þar sem tilgreind eru áætluð rekstrarútgjöld og rekstrartekjur og hins vegar eignabreytingar, s.s. fjárfestingar, afborganir og lántökur. Fjárhagsáætlun markar fjármálastjórn vatnsveitunnar næsta reikningsár og skal tekjuöflun og ráðstöfun fjármagns vera í samræmi við hana, svo sem kostur er. Samþykki fulltrúa sem hafa yfir að ráða 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi þarf til að ákvarðanir stjórnar utan gildandi fjárhagsáætlunar öðlist gildi. Um slík mál skal fjallað á

tveimur fundum stjórnar með a.m.k. tveggja vikna millibili. Leita skal samþykkis sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna um slík mál, áður en þau eru endanlega afgreidd.

#### 9. gr.

Sveitarfélög þau sem aðild eiga að byggðasamlaginu bera einfalda ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum þess í sameiningu. Innbyrðist skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhlutföll.

#### 10. gr.

Byggðasamlagið verður ekki lagt niður nema tveir löglega boðaðir fundir samþykki það að fengnu samþykki beggja sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Fundirnir skulu haldnir með a.m.k. tveggja mánaða millibili. Tillaga að félagsslitum skal fylgja fundarboði. Til þess að slit á samlaginu nái fram að ganga þurfa báðar sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna að staðfesta þau.

Ef ákvæðið er að hætta starfsemi byggðasamlagsins eða svo er fyrir mælt í lögum skal aðalfundur kjósa þriggja manna skiptastjórn, sem gerir upp eignir þess og skuldir og slítur rekstri þess. Heimilt er skiptastjórn að auglýsa eftir kröfum á hendur byggðasamlaginu með opinberri innköllun. Eftir að kröfur hafa verið greiddar skal afgangi eigna eða eftirstöðvum skulda jafnað á viðkomandi sveitarsjóði í samræmi við eignarhlutföll. Skal nettóeignarhluti sveitarfélags greiddur út á næstu 10 árum nema um annað semjist.

#### 11. gr.

Að öðru leyti en kveðið er á um í stofnsamningi þessum gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga um samstarf sveitarfélaga í byggðasamlögum.

Samþykktir byggðasamlagsins eru hluti af stofnsamningi þessum.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Gerður er fyrirvari um endanlegan útreikning eignarhlutfalla frá KPMG sem miðast við stöðu efnahagsreikninga þ. 31. desember 2005.

Öllu framanrituðu til samþykkis og staðfestu rita sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna undir stofnsamning þennan.

10. apríl 2006.

Sveitarstjórn Rangárbings ytra

Sigrúnjardur Pálma  
 Þórhallur Svavarsson  
 Arnþjófur Þorvaldsson  
 Víðfar & C  
 Mesther Björnsdóttir  
 Sigrún Ólafsdóttir  
 Guðni P. Gunnarsson  
 Ingvarr P. Arnþjórnsson

Sveitarstjórn Ásahrepps

Jónas Jónsson  
 Pjetur Pjetsson  
 Sýndís Indriðadóttir  
 Einar Sigrúnsson  
 Kristín Heinsdóttir

## Samþykktir fyrir Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps

### Markmið og hlutverk

#### 1.1

Vatnsveita Rangárbings ytra og Ásahrepps er byggðasamlag þessara sveitarfélaga. Heimili þess og varnarþing er á Hellu.

#### 1.2

Markmið Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps er:

- a. Að annast rekstur vatnsveitu fyrir aðildarsveitarfélögin.
- b. Að ákveða framkvæmd vatnsveitumála á starfssvæði vatnsveitunnar í samræmi við samþykktir sínar og ákvæði laga, þar á meðal að hafa yfirumsjón með uppbyggingu og viðhaldi veitunnar, virkjun vatnsbóla, lagningu vatnsæða, og byggingu annarra mannvirkja sem nauðsynleg kunna að vera til reksturs veitunnar.
- c. Að kappkosta að starfseminni sé ávallt hagað þannig að hún uppfylli ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfis um rekstur vatnsveitu.
- d. Að framkvæma gjaldskrárstefnu með þeim hætti að íbúar í sveitarfélögunum og atvinnulíf njóti hagkvæms reksturs.
- e. Að tryggja öryggi og auka sveigjanleika í rekstri vatnsveitu fyrir aðildarsveitarfélögin.
- f. Að stuðla að tæknilegum framförum.
- g. Að haga starfseminni þannig að hún verði ávallt í fararbroddi og sáttt við umhverfið.
- h. Að annast og stuðla að sölu á vatni út fyrir starfssvæði veitunnar til utanaðkomandi aðila.

#### 1.3

Til að ná markmiðum sínum er vatnsveitunni heimilt að eignast hlut í öðrum fyrirtækjum sem starfa á sama sviði. Ákvarðanir um hlutafjárkaup skulu þó njóta stuðnings og samþykkis beggja aðildarsveitarfélaganna.

### Um aðalfund Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps

#### 2.1

Aðalfund vatnsveitunnar skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Á kosningarári sveitarstjórna skal halda hann að loknum kosningum en þó eigi síðar en 15. september.

#### 2.2

Aukaaðalfund skal boða ef þörf krefur að mati stjórnar eða ef annað aðildarsveitarfélagið krefst þess.

#### 2.3

Stjórn Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps semur dagskrá aðalfundar og skal hún send aðalfundarfulltrúum eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfundinn.

#### 2.4

Aðalfundur mótar stefnu vatnsveitunnar og ákveður hvaða mál skuli lögð mest áhersla á fram að næsta aðalfundi. Á aðalfundi leggur stjórn veitunnar fram skýrslu um liðið starfsár, endurskoðaða reikninga og tillögur að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir yfirstandandi ár.

40 JF. Y. S. G.P.  
G.P. G.J.E.S. H.S. J.P.K.  
A. G. J. S. K.H. S.K.

## 2.5

Tillögur og ályktanir sem hljóta eiga afgreiðslu á aðalfundi skal að jafnaði leggja fram og kynna í upphafi fundar.

## Um kosningar til aðalfundar

### 3.1

Á aðalfundi vatnsveitunnar eiga sæti allir sveitarstjórnarfulltrúar hvors sveitarfélags/eignaraðila og hefur hver þeirra eitt atkvæði. Einnig eiga seturétt á aðalfundi stjórnarmenn vatnsveitunnar, framkvæmdastjóri hennar og framkvæmdastjórnar sveitarfélaganna með málfrelsi og tillögurétti.

### 3.2

Kjörgengir á aðalfund eru sveitarstjórnarmenn og varamenn þeirra. Sveitarstjórnarmaður missir kjörgengi sitt á næsta aðalfundi eftir að hann hættir setu í sveitarstjórn.

## Um kosningar á aðalfundi

### 4.1

Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Samþykktum byggðasamlagsins verður þó aðeins breytt á aðalfundi með samþykki beggja sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.

### 4.2

Á aðalfundi skal kosin 3 manna stjórn vatnsveitunnar og 3 til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kys sér formann og varaformann.

### 4.3

Aðalfundur skal kjósa tvo skoðunarmenn ársreikninga og tvo til vara. Skulu þeir yfirfara og árita ársreikninga veitunnar.

## Um stjórn og starfslið

### 5.1

Stjórnin er málsvari vatnsveitunnar á milli aðalfunda og fylgir fram samþykktum stjórnarfunda og aðalfundar. Stjórnin vinnur að stefnumarkandi málum og gerir tillögur um ný mál, er leggja skal fyrir aðalfund til ákvörðunar.

Helstu hlutverk stjórnar vatnsveitunnar eru þessi:

- Að ákveða framkvæmd vatnsveitumála á starfssvæði vatnsveitunnar í samræmi við samþykktir veitunnar og ákvæði laga.
- Að semja gjaldskrá vatnsveitunnar, sbr. 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, og auglýsa gjaldskrána og breytingar á henni.
- Að annast eftirlit með rekstri vatnsveitunnar í umboði aðildarsveitarfélaganna og marka stefnu um þjónustu hennar með því að setja nánari reglur um einstök framkvæmdaratriði eftir því sem þörf gerist.
- Að fjalla um drög að fjárhagsáætlun fyrir vatnsveituna og leggja fyrir aðalfund. Áður skal vera búið að fjalla um tillögu að fjárhagsáætlun í sveitarstjórnunum aðildarsveitarfélaganna.

SR 22.08.06  
P.P. 07.08  
P. Sig. 10 KH  
IPA SK

### 5.3

Stjórnarfundur skal halda að jafnaði einu sinni í mánuði og er stjórnarfundur lögmætur sé meirihluti stjórnar mættur. Um fundarsköp gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 svo og ákvæði í samþykktum um stjórn og fundarsköpum hlutaðeigandi aðildarsveitarfélaga.

### 5.5

Stjórn ræður framkvæmdastjóra (veitustjóra), nema annað sé ákveðið. Gera skal sérstakan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra og skal stjórn vatnsveitunnar setja honum erindisbréf, þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans.

## Um úrsögn

### 6.1

Byggðasamlagið verður ekki lagt niður nema tveir löglega boðaðir fundir samþykki það að lengnu samþykki beggja sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Fundirnir skulu haldnir með a.m.k. tveggja mánaða millibili. Tillaga að félagsslitum skal fylgja fundarboði. Til þess að slit á samlaginu nái fram að ganga þurfa báðar sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna að staðfesta þau.

### 6.2

Ef ákveðið er að hætta starfsemi byggðasamlagsins eða svo er fyrir mælt í lögum skal aðalfundur kjósa þriggja manna skiptastjórn, sem gerir upp eignir þess og skuldir og slítur rekstri þess. Heimilt er skiptastjórn að auglýsa eftir kröfum á hendur byggðasamlaginu með opinberri innköllun. Eftir að kröfur hafa verið greiddar skal afgangi eigna eða eftirstöðvum skulda jafnað á viðkomandi sveitarsjóði í samræmi við eignarhlutföll. Skal nettóeignarhluti sveitarfélags greiddur út á næstu 10 árum nema um annað semjist.

## Um breytingar á samþykktum og gildistökuákvæði

### 7.1

Breyta má samþykktum þessum á aðalfundi ár hvert og skulu tillögur um breytingar á samþykktum fylgja fundarboði. Tillögur til breytinga á samþykktum skulu sendar stjórn þremur vikum fyrir aðalfund.

### 7.2

Breyting á samþykktum telst samþykkt ef hún nýtur stuðnings fulltrúa beggja aðildarsveitarfélaga á lögmætum aðalfundi.

### 7.3

Samþykktir þessar öðlast gildi við samþykki þeirra.

SP JJ. YL b.p.  
P.G. B.J.SS tJS  
P.Sj. SO KH  
IPK



# SAMNINGUR

## um tilhögun stjórnsýslu Holtamannaafréttar

Hreppsnefnd Ásahrepps, kt. 430169-0339, og sveitarstjórn Rangárþings ytra, kt. 520602-3050, gera með sér svofelldan samning um tilhögun stjórnsýslu á Holtamannaafrétti, sem er í sameign sveitarfélaganna:

### 1. gr.

Sveitarfélögin eru sammála um að skipa sameiginlega stjórnsýslunefnd, sem nefnist Samráðsnefnd um Holtamannaafrétt, til að hafa umsjón með stjórnsýslu á afréttinum og annast um öll þau málefni, sem að afréttinum lúta, og gera tillögur til sveitarstjórna hlutaðeigandi sveitarfélaga um afgreiðslu þeirra og/eða lögskipaðra nefnda sveitarfélaganna.

Nefndin skal skipuð fjórum aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Sveitarfélögin eiga jafnmarga fulltrúa, tvo aðalmenn og tvo varamenn. Oddvitar hvors sveitarfélags skulu eiga sæti sem aðalmenn í nefndinni en aðrir nefndarmenn skulu vera kjörnir sveitarstjórnarmenn skv. lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Formaður nefndarinnar er oddviti Ásahrepps en að öðru leyti skiptir nefndin sjálf með sér verkum. Til þess að unnt sé að afgreiða mál innan nefndarinnar þurfa nefndarmenn að komast að sameiginlegri og samhljóða niðurstöðu. Geti nefndin ekki leyst úr ágreiningi, sem upp kann að koma, ber að leggja ágreiningsefnið fyrir sveitarstjórnir sveitarfélaganna til úrlausnar.

Nefndarfundir skal halda eftir þörfum. Formaður nefndar boðar til funda. Nefndarfundir skulu skráðir í gerðabók.

### 2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að:

- a. hafa umsjón með eignarhaldi og allri stjórnsýslu á Holtamannaafrétti og fara með öll málefni, sem lúta að afréttinum, og gera tillögur til sveitarstjórna Ásahrepps og Rangárþings ytra um afgreiðslu mála,
- b. vera sveitarstjórnnum til ráðuneytis um málefni og reglur sem gilda um nýtingu og meðferð beitarlands samkvæmt ákvæðum laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og lög um landgræðslu nr. 17/1965,
- c. hafa umsjón með byggingu, viðhaldi og rekstri gangnamannahúsa og girðinga,

- d. fjalla um skipulags- og byggingarmál fyrir afréttinn og gera tillögur um afgreiðslu mála til skipulags- og byggingarnefnda viðkomandi sveitarfélaga.

### 3. gr.


Sveitarfélögin eru sammála um að þegar nefndin fjallar um séreignir sveitarfélaganna á afréttinum þá séu aðeins fulltrúar viðkomandi sveitarfélags bærir til að taka ákvörðun um hagnýtingu þeirra en aðrir fulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt um meðferð og hagnýtingu séreignanna.

### 4. gr.


Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 skal sveitarstjórn hafa frumkvæði og annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna, og veita leyfi til framkvæmda, hvort heldur byggingarleyfi samkvæmt 43. gr. eða framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. Löggin gera ráð fyrir því að formlega fari einungis ein sveitarstjórn með stjórnsýsluvald til að afgreiða skipulagsáætlanir sem og veita leyfi til framkvæmda innan stjórnsýslumarka sveitarfélags. Þrátt fyrir að Holtamannaafréttur sé sameign Ásahrepps og Rangárþings ytra getur aðeins annað sveitarfélagið formlega afgreitt skipulagsáætlanir sem og veitt byggingar- og/eða framkvæmdaleyfi samkvæmt greindum lögum. Sveitarfélögin eru sammála um að formlega afgreiði Ásahreppur skipulagsáætlanir og veiti leyfi vegna framkvæmda, sem falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, en þó með fullri vitneskju og samþykki sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Áður en unnt er að árita skipulagsupprætti eða veita leyfi til framkvæmda verður lögbundinni afgreiðslu mála samkvæmt skipulags- og byggingarlögum að vera lokið af hálfu beggja sveitarstjórna.

Hellu 14. febrúar 2003.


f.h. hreppsnefndar  
Ásahrepps:

  
Jónas Jónsson, oddviti.

f.h. hreppsnefndar  
Rangárþings ytra.

  
Valtýr Valtýsson, oddviti.

Vottar að rétttri undirskrift og dagsetningu:

  
Guðný Sigurðardóttir 140957-2349  
190764-3629



## VIÐAUKI IV



## Rangárbíng ytra

Suburlandsvegur 1 - 850 Hella  
S. 488-7000 - rang@rang.is - www.ry.is



## Ásahreppur

Laugalendi - 851 Hella - S. 487-8501  
asahreppur@asahreppur.is - www.asahreppur.is

20. nóvember 2011

Veðifélag Ytri-Rangár  
Ari Árnason, formaður  
Rangá  
851 Hella

Efni: Skipting arðs vegna Réttarness

Hér með upplýst, vegna skiptingar arðs frá Veðifélagi Ytri-Rangár, að eignarhlutur Rangárþings ytra er 94,32% og Ásahrepps 5,68%.

f.h. sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps

Gunnsteinn R. Ómarsson  
sveitarstjóri Rangárþings ytra

Eydis Þ. Indriáadóttir  
oddviti Ásahrepps

LEIGUSAMNINGUR

Skógræktarfélag Rangæinga, kt: 600269-4969  
Langagerði, Hvolhreppi, Rangárvallasýslu  
í samningi þessum nefnt leigutaki og

Asa-, Djúpár-, Holtar- og Landmannahreppar í Rangárvallasýslu,  
í samningi þessum nefnd leigusali,

gera með sér eftirfarandi samning um leigu á landspildu til  
skógræktar, úr landi Réttarness í Landmannahreppi, sem er eign  
ofangreindra hreppa með eftirfarandi skilmálum og takmörkunum.

1. gr.

Leigusali leigir leigutaka hluta úr jörðinni Réttarnesi.  
Svæðið liggur sunnan og vestan Leirubakkalands milli Landvegjar  
að norðan og Rangár að sunnan. Að sunnan hraunbrúnnin ofan  
Réttarness að markagirðingu Stóru-Valla. Þaðan í norð-vestur  
að Markhelli og síðan ræður markalína á milli Réttarnesslands  
og Litla-Klofa að Landvegi. Nánar eru takmörk landspildunnar  
synd á meðfylgjandi korti, sem dagsett er í dag og áritað af  
aðilum þessa samnings. Skal kortið fylgja samningi þessum og  
vera hluti af honum.

2. gr.

Landspildan er leigð til 75 ára frá undirskrift  
samningsins. Að þeim tíma liðnum skal leigutaki hafa  
forleigurétt að landspildunni, enda náist sákomulag um  
leiguskiðmála og leigukjör. Náist ekki sákomulag um  
áframhaldandi leigu að samningstíma loknum fær leigutaki  
hlutdeild í nettóhagnaði, sem af skóginum fæst sákvæmt mati  
þar til kvaddis gerðardóms, til jafnlengdar þess tíma, sem  
leigutaki hefur haft landið til afnota.

3. gr.

Öll umsjón og ræktun á landspildunni skal vera í höndum  
leigutaka. Skal leigutaki hafa þar nytjar sem af skógræktinni  
kunna að fást á leigutímanum, enda sé fylgt fyrirmælum  
skógræktarlaga um meðferð landsins. Verði hagnaður af nytjum  
af landspildunni, skal leigutaki greiða leigusala sem svarar  
10% af nettóhagnaði viðkomandi árs, sem endurgjald fyrir  
leiguna. Annars greiðir leigutaki ekki sérstakt gjald fyrir  
leiguna.

4. gr.

Leigutaki fyrir hönd Réttarness sér um girðingar, þar sem  
þar vantar. Svo og um árlegt viðhald girðinga þannig að búfe  
nái ekki að skaða gróðursetningar.

Leigutaka er heimilt að leggja nauðsynlega vegi um  
landspilduna vegna skógræktarinnar, svo og að reisa nauðsynleg  
mannvirki sem tengjast henni. Slik mannvirki þarf leigutaka að  
fjarlægja af leigulandinu á sinn kostnað við lok leigutíma.

Leigutaka er óheimilt að byggja hús á landinu, nema  
sérstaklega sé um það samið.

5. gr.

Leigutaka ber að hoga ræktun á landspildunni þannig, að hluti landsins nytist ávallt almenningi til útivistar. Þá ber leigutaka að ganga snyrtilega um hið leigða land og fjarlægja rusl og önnur óhreinindi eftir því sem unnt er. Um umferð gangandi fólks um leigulandið gilda sömu reglur og Skógrækt ríkisins setur um friðuð skóglendi.

6. gr.

Hvanngil	99998400	173466	Aðstöðuhús	221-7705	100,00%	1
Hvanngil	99998400	173466	Svefnskáli	222-4329	100,00%	1
Hvanngil	99998400	173466	Snyrting	222-8721	100,00%	1

Eignir

bls. 1 af 3

# FMR

FASTEIGNAMAT RÍKISINS  
Borgartúni 21 - 105 Reykjavík  
Sími: 515 5300 - Fax: 515 5310

Holta- og Landsveit

Kennitala: 410793-2619

Skrifað: 24.07.2002

Laufskálar 2	54650020	164869	Skrifstofa	219-6111	100,00%	1
Nestún 4A	64850041	164888	Íbúð	219-6144	100,00%	1
Nestún 4B	64850041	164888	Íbúð	219-6145	100,00%	1
Nestún 6A	64850061	164890	Íbúð	219-6148	100,00%	1
Nestún 6B	64850061	164890	Íbúð	219-6149	100,00%	1
Tjaldsvæði aðstöðuhús	99988240	179957	Íbúð	219-5805	100,00%	1
Útskálar 1	90250010	164910	Barnagæsla	219-6179	100,00%	1
Útskálar 2	90250020	164911	Barnagæsla	219-6180	100,00%	1
Útskálar 4	90250040	164913	Búningsklefar	219-6183	50,00%	2
Útskálar 4	90250040	164913	Sundlaug og umhverfi	219-6183	50,00%	2
Útskálar 4	90250040	164913	Íþróttahús	224-3703	100,00%	1
Útskálar	90251600	164917	Skóli	219-6190	50,00%	2
Útskálar	90251600	164917	Skóli	219-6190	50,00%	2
Útskálar	90251600	164917	Útskálar grunnskóli	219-6192	100,00%	1
Prúðvangur 31	97250310	164941	Íbúð	219-6231	100,00%	1
Prúðvangur 31	97250310	164941	Íbúð	219-6232	100,00%	1
Prúðvangur 31	97250310	164941	Íbúð	219-6233	100,00%	1
Prúðvangur 31	97250310	164941	Íbúð	219-6234	100,00%	1
Prúðvangur 31	97250310	164941	Íbúð	219-6235	100,00%	1
Prúðvangur 31	97250310	164941	Íbúð	219-6236	100,00%	1
Prúðvangur 31	97250310	164941	Íbúð	219-6237	100,00%	1
Prúðvangur 31	97250310	164941	Íbúð	219-6238	100,00%	1
Prúðvangur 32	97250320	164942	Félagsheimili	219-6239	100,00%	1
Prúðvangur 32A	97250321	164943	Félagsheimili	219-6242	100,00%	1
Prúðvangur 36A	97250361	164948	Áhaldahús	223-5074	100,00%	1
Prúðvangur 36A	97250361	164948	Áhaldahús	223-5076	100,00%	1
Foss	00015000	164479	Jörð	219-5240	100,00%	1
Foss	00015000	164479	Fjárhús	219-5240	100,00%	1
Foss	00015000	164479	Hlaða	219-5240	100,00%	1
Foss	00015000	164479	Snyrting	219-5240	100,00%	1
Foss	00015000	164479	Einbýli	219-5241	100,00%	1
Gaddstaðir	00015700	164482	Jörð	219-5252	100,00%	1
Gaddstaðir	00015700	164482	Ræktað land	219-5252	100,00%	1
Gaddstaðir	00015702	164483	Jörð	219-5254	100,00%	1
Gaddstaðir	00015703	164484	Jörð	219-5260	100,00%	1
Gaddstaðir land	00015710	192582	Jörð í byggð	225-8296	100,00%	1
Gangnamannakofar	00099901	164569	Einbýli	219-5782	100,00%	1
Gangnamannakofar	00099901	164569	Einbýli	219-5783	100,00%	1
Gangnamannakofar	00099901	164569	Einbýli	219-5784	100,00%	1
Helluvað 1	00020502	164507	Jörð	219-5371	100,00%	1
Litla-Strönd	00034000	164531	Jörð	219-5515	100,00%	1
Nes	00036000	164533	Jörð	219-5535	100,00%	1
Nes	00036000	164533	Ræktað land	219-5535	100,00%	1
Nes	00036000	164533	Íbúð	219-5537	100,00%	1
Nes	00036000	164533	Bílskúr	219-5537	100,00%	1
Reynifell	00041000	164545	Jörð	219-5589	66,67%	8
Strönd	00047000	164556	Jörð	219-5686	100,00%	1
Strönd	00047001	164557	Jörð	219-5687	100,00%	1
Árbær	00005000	164470	Jörð	219-5180	100,00%	1
Porleifsstaðir	00056000	164568	Jörð	219-5781	22,24%	13

\*Holtahreppur

Kennitala: 630169-5779

Skrifað: 24.07.2002

Heiti	Lóðarnr	Landnr	Notkun	Fastnum	Eighl.	Fj.eig.
Réttarnes	00059000	165002	Jörð	219-6684	25,00%	4
Réttarnes	00059000	165002	Veidivötn	219-6685	25,00%	4

Holta- og Landsveit

Kennitala: 410793-2619

Skrifað: 24.07.2002

Réttarnes	00059000	165002	Holtamannaafréttur	219-6686	25,00%	4
Stóri-Klofi lóð	64000030	165054	Dæluhús	219-6903	25,00%	4
Brúarlundur	00033003	165107	Einbýli	219-7250	100,00%	1
Laugaland	00033002	165106	Íbúð	219-7249	8,33%	4
Laugaland	00033004	165108	Leikskóli	219-7252	8,33%	4
Laugaland	00033006	165110	Skúr	219-7254	100,00%	1
Laugalandsskóli	00033001	165105	Skóli	219-7246	8,33%	3
Laugalandsskóli	00033001	165105	Skóli	219-7246	8,33%	3
Laugalandsskóli	00033001	165105	Skóli	219-7246	8,33%	3
Laugalandsskóli	00033001	165105	Skóli	219-7246	8,33%	3
Laugalandsskóli	00033001	165105	Veiðivötn	219-7247	33,33%	3
Laugalandsskóli	00033001	165105	Holtamannaafréttur	219-7248	33,33%	3

\*Landmannahreppur

Kennitala: 710169-4549

Skrifað: 24.07.2002

Héiti	Lóðarnr	Landnr	Notkun	Fastnum	Eighl.	Fj.eig.
Brúarlundur	00017001	164968	Brúarlundur félagsh	219-6352	50,00%	2
Merkihvoll	00051001	164994	Jörð	219-6631	100,00%	1
Merkihvoll	00051001	164994	Holtamannaafréttur	219-6632	100,00%	1
Réttarnes	00059000	165002	Jörð	219-6684	25,00%	4
Réttarnes	00059000	165002	Veiðivötn	219-6685	25,00%	4
Réttarnes	00059000	165002	Holtamannaafréttur	219-6686	25,00%	4
Stóri-Klofi lóð	64000030	165054	Dæluhús	219-6903	25,00%	4
Laugaland	00033002	165106	Íbúð	219-7249	8,33%	4
Laugaland	00033004	165108	Leikskóli	219-7252	8,33%	4
Laugalandsskóli	00033001	165105	Skóli	219-7246	8,33%	3
Laugalandsskóli	00033001	165105	Skóli	219-7246	8,33%	3
Laugalandsskóli	00033001	165105	Skóli	219-7246	8,33%	3
Laugalandsskóli	00033001	165105	Skóli	219-7246	8,33%	3
Laugalandsskóli	00033001	165105	Veiðivötn	219-7247	33,33%	3
Laugalandsskóli	00033001	165105	Holtamannaafréttur	219-7248	33,33%	3

2293421	431	010101	Dynskálar 36	Blíndavei	P		4905033230	Gilnir fjármógnun			F	A-000926/200
164479	431		Foss 164479	Eyðfjörð, n	P		5206023050	Rangdæping ytra			L	A-000926/200
2196885	431	010101	Fossald 1	Íbúð	P		5206023050	Rangdæping ytra			F	A-000926/200
164482	431		Gaddstadir 164482	Jörd í bygg	P		5206023050	Rangdæping ytra			L	A-000926/200
208218	431		Gaddstadir 208218	Nýfjöld	P		5206023050	Rangdæping ytra			L	A-000926/200
214948	431		Gaddstadir land 214948	Annad land	P		5206023050	Rangdæping ytra			L	A-000926/200
164507	431		Helluvad 1 164507	Jörd í bygg	P		5206023050	Rangdæping ytra			L	A-000926/200
2196024	431	010101	Hesthúsvegur 6	Hesthús og	P		3107562969	Gudmundur Einarsson	0310527269	Helgi Benary Gunnarsson	F	A-000926/200
190660	431		Háboer 2 gæmasvæði	Vidaskipta	P		5206023050	Rangdæping ytra			L	A-000926/200
191441	431		Háboer 2a 191441	Annad land	P		5206023050	Rangdæping ytra			L	A-000926/200
2196111	431	010201	Laufskalar 2	Tónlistarst	P		5206023050	Rangdæping ytra			L	A-000926/200
164994	431		Merkihöll 164994	Eyðfjöld	P		0903482569	Kristín Bjarnadóttir			F	A-000926/200
2196941	431	010101	Merkihöll lóð 17	Sumarhús	P		5206023050	Rangdæping ytra			L	A-000926/200
192474	431		Netsholt 2 192474	Jörd í bygg	P		5206023050	Rangdæping ytra			L	A-000926/200
164533	431		Nes 164533	Jörd í bygg	P		5206023050	Rangdæping ytra	2409303239	Fanney Tómasdóttir	L	A-000926/200
164545	431		Reynifell 164545	Jörd í bygg	P		5206023050	Rangdæping ytra	5206023050	Rangdæping ytra	L	A-000926/200
165002	431		Réttarnes 165002	Eyðfjöld	P		4301690339	Asdísheppur			L	A-000926/200
184556	431		Stönd 164556	Jörd í bygg	P		5206023050	Rangdæping ytra			L	A-000926/200
2298059	431	010101	Stönd lóð 209640	Sumarhús	P		1502743389	Margrét Arnadóttir			F	A-000926/200
178223	431		Tjóm lóð 2	Íbúðarhús	P		5206023050	Rangdæping ytra			L	A-000926/200
179291	431		Vestur-Miðkaupskrák 1	Íbúðar og	P		5206023050	Rangdæping ytra			L	A-000926/200
164470	431		Árboer 164470	Eyðfjöld, n	P		5206023050	Rangdæping ytra			L	A-000926/200
187968	431		Ægissíða 1 lóð 187968	Sumarhús	P		5206023050	Rangdæping ytra			L	A-000926/200
164568	431		Þorleifsstadir 164568	Jörd í bygg	P		0605392139	Daði Sigurðsson	5206023050	Rangdæping ytra	L	A-000926/200
2196231	431	010101	Þrúðvangur 31	Íbúð	P		5206023050	Rangdæping ytra			F	A-000926/200
2196232	431	010102	Þrúðvangur 31	Íbúð	P		5206023050	Rangdæping ytra			F	A-000926/200
2196233	431	010103	Þrúðvangur 31	Íbúð	P		5206023050	Rangdæping ytra			F	A-000926/200
2196234	431	010104	Þrúðvangur 31	Íbúð	P		5206023050	Rangdæping ytra			F	A-000926/200
2196235	431	010201	Þrúðvangur 31	Íbúð	P		5206023050	Rangdæping ytra			F	A-000926/200
2196236	431	010202	Þrúðvangur 31	Íbúð	P		5206023050	Rangdæping ytra			F	A-000926/200
2196237	431	010203	Þrúðvangur 31	Íbúð	P		5206023050	Rangdæping ytra			F	A-000926/200
2196238	431	010204	Þrúðvangur 31	Íbúð	P		5206023050	Rangdæping ytra			F	A-000926/200
2196239	431	010101	Þrúðvangur 32	Félagshúsi	P		1310503139	Ární Pall Jóhannsson			F	A-000926/200
2196242	431	010101	Þrúðvangur 32A	Félagshúsi	P		1310503139	Ární Pall Jóhannsson			F	A-000926/200



## VIÐAUKI V



## RAMMASAMKOMULAG UM SAMSTARF SVEITARFÉLAGANNA ÁSAHREPPS OG RANGÁRÞINGS YTRA

### Aðilar

Aðilar að samkomulagi þessu eru sveitarfélagið Ásahreppur kt. 430169-0339, Laugalandi 851 Hella og sveitarfélagið Rangárþing ytra kt. 520602-3050, Suðurlandsvegi 1, 850 Hella.

### Markmið

Samkomulagið tekur til allra tvíhliða samstarfsverkefna sveitarfélaganna og verkefna þar sem ríkið er þriðji aðili. Tilgangur samkomulagsins er að skapa skýran ramma um samstarfið, auðvelda stjórnun verkefna og ákvarðanatöku og búa samstarfsverkefnum traustan og hagfelldan grunn. Markmiðið er að veita íbúum beggja sveitarfélaga eins góða þjónustu og frekast er unnt miðað við þá fjármuni sem veitt er í viðkomandi málaflokka.

### Verkefni

Verkefnin sem um ræðir eru flokkuð í eftirfarandi 5 samstarfsþætti:

#### 1. Eignaumsýsla

Hér undir eru skilgreind öll umsýsla um sameiginlegar eignir. Gert er ráð fyrir því að eignarnar séu vistaðar í tveimur byggðasamlögum *Húsakynnum bs* og *Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs*. Bæði byggðasamlög hafa sérstaka stjórn eins og lög og reglur mæla fyrir um. Gera þarf sérstakan þjónustusamning milli beggja þessara byggðasamlaga og Eignaumsjónar Rangárþings ytra.

#### 2. Rekstur fræðslu, menningar og íþróttastarfs

Hér undir eru sameiginleg rekstarverkefni á sviði fræðslu, menningar og íþróttastarfs. *Grunnskólinn á Laugalandi, Leikskólinn á Laugalandi og Íþrótt- og menningarmiðstöðin á Laugalandi*

#### 3. Hjúkrunarheimilið Lundur

Rekstur á Lundu er á fjárlögum en eignirnar eru sameign sveitarfélaganna og ríkisins. Yfir starfseminni er stjórn sem skipuð er af sveitarstjórnunum og starfa forstöðumaður og fulltrúi starfsmanna með henni.

#### 4. Holtamannaafréttur

Hér er um að ræða verkefni á sviði fjallskila og stjórnsýslu afréttarins. Um málefni Holtamannaafréttar gildir sérstakur samningur.



### 5. Þjónustuverkefni og önnur samstarfsverkefni

Hér undir eru ýmiss þjónustuverkefni s.s. um bókhald, gjaldskrár, starfsmannamál, gámavöll, vinnuskóla, félagsmiðstöð, umsjón með Holtamannaafretti og snjósmokstur. Einnig falla hér undir ýmiss samstarfsverkefni t.d. á sviði fjarskipta. Gerðir eru sérstakir þjónustu- eða samstarfssamningar eftir því sem við á í hverju tilfelli.

### Stjórnun og eftirlit

Sérstök samstarfsnefnd fer með stjórnun og eftirlit með samningnum. Samstarfsnefndin getur verið samsett úr fullskipuðum sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaganna. Samstarfsnefndin hittist á fundum eins oft og þurfa þykir og skal undirbúa sérstakan samráðsdag einu sinni á ári þar sem aðalfundir/ársfundir allra verkefna innan rammans eru haldnir. Þennan samráðsdag skal halda í maímánuði og er opinn öllum. Samstarfsnefndin skal skila sameiginlegri ársskýrslu til beggja sveitarstjórna.

### Gildistími og uppsagnarákvæði

Samkomulagið gildir ótímabundið en er uppsegjanlegt með 6 mánaða fyrirvara. Hvort sveitarfélag um sig getur óskað eftir því á fyrsta starfsári nýrrar sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum að samkomulagið sé tekið til endurskoðunar. Skal þá skipuð sérstök viðræðunefnd sveitarfélaganna til að yfirfara samstarfið og gera tillögur um breytingar.

Staður dagur.mánuður.ár

Sveitarstjórn Ásahrepps

Sveitarstjórn Rangárbings ytra



## VIÐAUKI VI



## RE: Viðræðunefnd

**Málsnúmer** 1503048  
**Málsaðili** Ásahreppur  
**Tengiliður**  
**Sent til** Ágúst Sigurðsson  
**Sendandi** sesseljaarnadottir@kpmg.is  
**CC** esveinbjornsson@kpmg.is  
**Sent** 09.04.2015  
**Viðhengi**

Sæll

Varðandi starfsmannamálin þá er ljóst að lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum nr. 72/2002 gilda ekki þegar verkefni er fært í byggðasamlag. Tekið er fram í 2. mgr. 1. gr. laganna að lög in gildi ekki um breytingar á skipulagi og starfsháttum stjórnvalds eða tilfærslu á verkefnum milli stjórnvalda. Reyndar giltu lög in þegar málefni fatlaðs fólks voru flutt til sveitarfélaganna, en það var byggt á ákvæði til bráðabirgða nr. IX í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum.

Sveitarfélögin bera eftir sem áður ábyrgð á rekstrinum þó hann fari fram á vettvangi byggðasamlags og því um breytingu á skipulagi starfseminnar að ræða.

Ég náði loks tali af sérfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga í kjarasamningum kennara. Hann gat ekki séð að neitt í þeim kjarasamningum ætti að koma í veg fyrir það að skólarnir verði færðir undir byggðasamlag. Það væri einna helst ef um yrði að ræða t.d. tilfærslu milli staða eða að skóli verði lagður niður.

Af þessu verður ráðið að öll réttindi og skyldur haldast óbreyttar við færslu verkefnisins inn í byggðasamlag.

Í samningi um byggðasamlag skal skilgreina eignarhald sveitarfélaganna og kostnaðarskiptingu. Getur sú skipting miðað við aðra þætti en íbúatölu einkum þegar um svona aðstöðu er að ræða eins og er með fasteignamálin ykkar.

Rétt er þó að benda á ákvæði 8. mgr. 94. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem segir: ?Sveitarfélög bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlags sem þau eru aðilar að en innbyrðis skiptist ábyrgð in í hlutfalli við íbúatölu.?

Í þessu felst ábyrgð ?in solidum? gagnvart kröfuhöfum, þ.e. einn fyrir alla og allir fyrir einn. Í einfaldri ábyrgð felst að sá sem er í þeirri ábyrgð er ekki skyldur til að inna sína greiðslu af hendi nema skuldareigandinn hafi árangurslaust reynt að fá skuldina greidda hjá aðalskuldara (hér byggðasamlaginu), t.d. með árangurslausu fjárnámi. Kröfuhafi getur því gengið að hvoru aðildarsveitarfélaganna sem er ef byggðasamlagið hefur ekki greitt þrátt fyrir innheimtuaðgerðir. Innbyrðis skiptist ábyrgð in síðan hins vegar almennt í hlutfalli við íbúatölu hvors aðildarsveitarfélags.

B.kv. Sesselja

**From:** Ágúst Sigurðsson [mailto:agust@ry.is]  
**Sent:** 7. apríl 2015 16:13  
**To:** Árnadóttir, Sesselja  
**Subject:** SV: Viðræðunefnd



## VIÐAUKI VII

## Samstarfsverkefni

**Málsnúmer** 1502066  
**Málsaðili** Ásahreppur  
**Tengiliður**  
**Sent til** Ágúst Sigurðsson  
**Sendandi** esveinbjornsson@kpmg.is  
**CC** agudjonsson@kpmg.is; sesseljaamadottir@kpmg.is  
**Sent** 12.02.2015  
**Viðhengi** [Minnisblað um MML.pdf](#)

Sæll Ágúst

Þann 9. desember 2009 afhenti KPMG Ásahreppi og Rangárþingi ytra minnisblað um rekstrarfyrirkomulag samstarfsverkefna að Laugalandi. Minnisblað þetta fylgir hér með.

Rétt er að vekja athygli á að eftir að minnisblað þetta var samið voru sett ný sveitarstjórnarlög nr. 138/2011. Með þeim lögum voru gerðar töluverðar breytingar á ákvæðum sem varða samvinnu sveitarfélaga. Eitt af því er að nú eru mun skýrari og í raun strangari reglur um form samvinnu í þeim tilvikum þegar hún felur í sér framsal valds til töku stjórnvaldsákvörðunar, sem einkum á þá við um lögbundin verkefni sveitarfélaga. Í 93. gr. laganna er nú kveðið á um að slík samvinna geti aðeins farið fram á vegum byggðasamlags eða á þann hátt að eitt sveitarfélag tekur að sér verkefni fyrir annað sveitarfélag.

Með hliðsjón af framangreindu er því ljóst að valkostur 1 sem tilgreindur er í fyrrgreindu minnisblaði er ekki lengur fyrir hendi.

Varðandi valkost 2 eru ítarlegri ákvæði í núgildandi lögum um hvað koma skuli fram í samningi um byggðasamlag.

Sama gildir um valkost 3, þ.e. fram koma í núgildandi lögum skýrar kröfur um hvaða ákvæði slíkur samningur skuli innihalda.

Kveðja Einar Sveinbjörnsson



Einar Sveinbjörnsson, löggiltur endurskoðandi | Hluthafi | Endurskoðunarsvið | KPMG ehf.  
Sími: 545 6580 | GSM: 899 5480 | [esveinbjornsson@kpmg.is](mailto:esveinbjornsson@kpmg.is)

Það er markmið KPMG að vera leiðandi á sviði reikningsskila og endurskoðunar. [Lestu um](#) hvernig við getum aðstoðað þig og þitt fyrirtæki.

Allar upplýsingarnar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál og kunna að falla undir ákvæði um þagnarskyldu. Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum. Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti. Ef þú ert ekki sá aðili sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt að upplýsa um hann, afrita hann, dreifa honum eða framkvæma einhverjar aðgerðir eða láta vera að framkvæma einhverjar aðgerðir á grundvelli hans og slíkt kann að vera ólöglegt. Allar skoðanir og öll ráðgjöf sem þessi tölvupóstur inniheldur eru háð skilmálum og skilyrðum ráðningarbrefs milli KPMG og viðskiptavinarins.

\*\*\*\*\*  
The information in this email is confidential and may be legally privileged. It is intended solely for the addressee. Access to this email by anyone else is unauthorized. If you are not the intended recipient, any disclosure, copying, distribution or any action taken or omitted to be taken in reliance on it, is prohibited and may be unlawful. Any opinions or advice contained in this email are subject to the terms



KPMG á Íslandi  
Austurvegi 4  
800 Selfoss

Sími: 480 6500  
Fax: 480 6501  
Veffang: www.kpmg.is

Til Ásahrepps og Rangárþings ytra

Dagsetning 9. desember 2009

Frá Auðuni Guðjónssyni og Sesselju Árnadóttur

Tilvísun Minnisblað um MML.docx

### Rekstrarfyrirkomulag samstarfsverkefna að Laugalandi

Í tengslum við endurskoðun sveitarfélaganna vegna ársins 2008 var stjórnýsla sveitarfélaganna skoðuð að hluta. Við þá yfirferð, annars vegar með oddvita Ásahrepps og hins vegar með sveitarstjóra og fjármálastjóra Rangárþings ytra, kom fram vilji beggja til að farið verði sérstaklega yfir rekstrarfyrirkomulag samstarfsverkefna sveitarfélaganna að Laugalandi. Óskuðu þau eftir að KPMG gerði greinargerð um valkosti varðandi rekstrarfyrirkomulag samstarfsverkefnanna.

### Inngangur

Rangárþing ytra og Ásahreppur hafa um árabíl haft samstarf um rekstur tiltekinna verkefna að Laugalandi. Stærsti hluti verkefnanna er rekinn annars vegar á kennitölu Laugalandsskóla (520175-0169) og hins vegar á kennitölu leikskólans (620596-2219).

Fyrir þessi samstarfsverkefni eru gerðir fjórir ársreikningar:

- Menningarmiðstöðin Laugalandi:
  - Laugalandsskóli
  - Bókasafn
  - Íþróttahús
  - Sundlaug
  - Ferðaþjónusta og félagsheimili
- Leikskólinn Laugalandi
- Eignasjóður Laugalandsskóla
- Leiguíbúðir Laugalandi

Ásahreppur hefur skrifstofur sveitarfélagsins að Laugalandi. Stór hluti af verkefnum sveitarfélagsins er rekinn í samstarfi við Rangárþing ytra að Laugalandi, en sveitarfélagið stendur að rekstri annarra verkefna á eigin vegum eða í samstarfi við önnur sveitarfélög.

Sveitarfélögin hafa með sér samstarf um íbúðarektur í byggðasamlaginu Húsakynnum og undir það samstarf falla meðal annars fjórar leiguíbúðir á Laugalandi (Giljatangi). Þær íbúðir eru fyrir utan það uppgjör sem gert er í nafni „Leiguíbúða Laugalandi“ sem getið er hér að framan.

Í tengslum við verkefnið var aflað gagna frá sveitarfélögunum um samþykktir eða reglur sem gilda um framangreind samstarfsverkefni. Eftirfarandi gögn liggja fyrir:

- Starfsreglur samráðsnefndar sveitarstjórna Ásahrepps og Rangárþings ytra, dags. 23. febrúar 2004.
- Samþykkt fyrir rektur sameiginlegra stofnana og eigna Rangárþings ytra og Ásahrepps á Laugalandi, dags. 24. maí 2004. Í samþykktinni er ekki formlegt uppsagnarákvæði en í 9. gr. er tekið fram að óski sveitarstjórnirnar, önnur eða báðar, eftir endurskoðun samþykktarinnar skuli endurskoðun fara fram og hljóta samþykki beggja sveitarstjórna.
- Starfslýsing fyrir starfsmann Eignaumsjónar Rangárþings ytra og Ásahrepps, ódagsett.
- Starfsmannastefna Rangárþings ytra og Ásahrepps vegna sameiginlegra stofnana á Laugalandi, dags. 30. mars 2004.
- Reglur um samræmingu á kjörum og hlunnindum starfsmanna Rangárþings ytra og Ásahrepps, dags. 30. mars 2004.
- Jafnréttisstefna Rangárþings ytra og Ásahrepps vegna sameiginlegra stofnana á Laugalandi, dags. 29. mars 2004.

Að auki liggja fyrir samþykktir fyrir byggðasamlagið Húsakynni, dags. 7. október 2003. Sú rekstrareining verður þó ekki skoðuð frekar í þessu minnisblaði enda tilheyrja því byggðasamlagi einnig aðrar eignir á Hellu og í Þykkvabæ.

## Lagarammi

Þau verkefni sem sveitarfélögin hafa samstarf um á Laugalandi eru að hluta lögbundin verkefni sveitarfélaga. Löggjöf sem á við um þau verkefni er eftirfarandi:

- Lög um grunnskóla nr. 91/2008 („rektor almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga“).
- Lög um leikskóla nr. 90/2008 („sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla“).
- Lög almenningsbókasöfn nr. 36/1997. („Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna. Er öllum sveitarfélögum skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við þessi lög.“)

Einnig eru í gildi rammalög sem lúta að aðkomu sveitarfélaga að íþróttamálum, þ.e. íþróttalög nr. 64/1998 („meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga á sviði íþróttamála skal vera að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði“).

Önnur verkefni sem samstarf er um á Laugalandi eru ekki lögbundin heldur byggjast á ákvörðunum sveitarstjórnanna um nýtingu eignanna.

### Stjórnsýsla

Í 3. gr. samþykktar fyrir rekstur sameiginlegra stofnana og eigna Rangárþings ytra og Ásahrepps á Laugalandi, dags. 24. maí 2004, er eftirfarandi ákvæði:

„Með rekstrarstjórn eignanna fer samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps. Samráðsnefndin er skipuð kjörnum hreppsnefndarmönnum í Ásahreppi og kjörnum fulltrúum hreppsráðs Rangárþings ytra ásamt sveitarstjóra Rangárþings ytra (sjá nánar samþykkt um samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps).“

Framangreind samráðsnefnd hefur sett sér starfsreglur sem samþykktar voru á fundi nefndarinnar 23. febrúar 2004. Þar kemur fram að nefndin sé samráðsvettvangur um sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaganna, þó að undanskildum málefnum er varða Holtamannaafrétt.

Í 4. tölulið starfsreglnanna er tekið fram að samþykki beggja sveitarstjórnanna þurfi til að ákvarðanir samráðsnefndarinnar öðlist gildi.

Samráðsnefndin hefur að jafnaði fundað 4–5 sinnum á ári og fundargerðir nefndarinnar eru lagðar fyrir báðar sveitarstjórnirnar til staðfestingar.

Í framkvæmd hefur verið vikið frá ákvæðum samþykktarinnar og starfsreglnanna þannig að allir kjörnir sveitarstjórnarmenn Rangárþings ytra sitja fundi samráðsnefndarinnar. Einnig hefur í framkvæmd verið litið svo á að vegna minniháttar ákvarðana geti starfsmaður borið málið undir oddvita Ásahrepps og sveitarstjóra Rangárþings ytra.

### Eignarhald fasteigna

Sveitarfélögin hafa staðið sameiginlega að uppbyggingu fasteigna á Laugalandi. Upphaflega voru það Ásahreppur, Holtahreppur og Landmannahreppur. Nú eru Holtahreppur og Landmannahreppur hluti af Rangárþingi ytra. Með gjafabréfi frá árinu 1959 fékk heimavistarskólinn að Laugalandi að gjöf landspildu undir byggingar sínar auk réttinda til heits og kalds vatns eftir því sem þurfa þætti til nauðsynlegra eigin afnota endurgjaldslaust. Eignarhald sveitarfélaganna á eignum samstarfsverkefnanna er nú skilgreint þannig að Rangárþing ytra á 67,25% og Ásahreppur 32,75%. Ekki kemur fram í fyrirbyggjandi gögnum hvernig þessi hlutföll hafa verið ákveðin en ekki er ágreiningur um skiptinguna milli sveitarfélaganna.

Af fyrirbyggjandi gögnum verður ráðið að eignarhald fasteigna að Laugalandi er skráð samkvæmt Fasteignaskrá Íslands með eftirfarandi hætti:

Fastanúmer	Nafn	Eigandi	Eignarhluti
219-7249	Íbúð (skólastjórabúst.)	Ásahreppur	8,3334%
		Ríkissjóður	75,0000%
		Rangárþing ytra	16,6666%
219-7252	Leikskóli (gamli leiksk.)	Ásahreppur	8,3334%
		Ríkissjóður	75,0000%
		Rangárþing ytra	16,6666%
224-8615	Snyrting	Ásahreppur	33,3333%
		Rangárþing ytra	66,6667%
219-7246	Laugalandsskóli	Ásahreppur	33,3333%
		Rangárþing ytra	66,6667%

Ekki er fullt samræmi milli skilgreindra eignarhlutfalla sveitarfélaganna í þessum eignum og skráningar í Fasteignaskrá Íslands, en mikilvægt er að svo sé.

Gamla leikskólahúsnæðið mun vera ónýtt og hefur náðst samkomulag við ríkið um niðurrif þess.

Ekki verður ráðið af gögnum að allar eignir sveitarfélaganna á Laugalandi séu skráðar með fullnægjandi hætti í Fasteignaskrá Íslands. Upplýsingar um stærðir og notkun í skránni eru ekki í fullu samræmi við upplýsingar frá forstöðumanni Eignaumsjónar. Samkvæmt skráningu í Fasteignaskrá Íslands er skólabygging annars vegar byggð árið 1957 samtals skráð 1.039,6 m<sup>2</sup> og hins vegar byggð árið 2006 skráð 313,2 m<sup>2</sup>. Í fasteignaskrá eru m.a. ekki upplýsingar um íþróttahús og sundlaug og önnur mannvirki sem byggð voru á níunda áratug síðustu aldar sem munu vera um 2.500 m<sup>2</sup> að stærð. Hluti þeirra mannvirkja mun vera í fullri eigu Rangárþings ytra, hluti í fullri eigu Ásahrepps en stærsti hluti þeirra mun vera í sameign sveitarfélaganna. Mikilvægt er að skráning þessi sé rétt á hverjum tíma.

Að okkar mati væri rétt að yfirfara hvort hægt sé að koma öllum leiguíbúðunum á Laugalandi yfir í Húsakynni bs. sem þegar er virkt í íbúðarekstri. Hafa þarf þó í huga í þessu sambandi að hugsanlega þyrfti að gera samning við ríkið um að Húsakynni færi með umsjón eignanna fyrir hönd ríkisins með sama hætti og sveitarfélögin hafa gert fram að þessu.

### Kostnaðarskipting

Í 2. gr. samþykktar fyrir rekstur sameiginlegra stofnana og eigna Rangárþings ytra og Ásahrepps á Laugalandi, dags. 24. maí 2004, er tekið fram að sveitarfélögin séu eigendur og rekstraraðilar eignanna. Rekstrarkostnaður skiptist eftir sömu hlutföllum og gilda um rekstur Laugalandsskóla

og síðan er tekið fram að hlutdeild sveitarfélaganna í rekstri grunn- og leikskóla sé fundin út með eftirfarandi hætti:

1. Eignarhlutfall sveitarfélaganna vegur 50% af heildarkostnaði.
2. Hlutfall nemenda í skólanum 1. október ár hvert vegur 50% af heildarkostnaði.

Eignaraðild sveitarfélaganna er skilgreind þannig:

Rangárþing ytra	67,25%
Ásahreppur	32,75%.

Við útreikning á kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna í rekstri grunnskóla, bókasafns, íþróttahúss, sundlaugar, ferðaþjónustu og félagsheimilis er miðað við nemendafjölda í grunnskólanum úr hvoru sveitarfélagi þann 1. október. Við útreikning á kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna í rekstri leikskólans er miðað við fjölda barngilda þann 1. október.

Framangreind hlutföll eru vegin saman og þannig fundin út kostnaðarskipting milli sveitarfélaganna í lok hvers árs.

Kostnaðarskipting vegna reksturs og framkvæmda við fasteignir (Eignasjóður og Leiguíbúðir) fer eftir eignarhlutföllum sveitarfélaganna.

### **Fjármálastjórn og innra eftirlit**

Undanfarin ár hefur bókhald samstarfsverkefnanna verið fært á skrifstofu Rangárþings ytra. Þar hefur farið fram skráning bókhalds, launavinnsla, innheimta, greiðsla reikninga og afstemmingarvinna o.fl. Skólastjóri grunnskóla og leikskólastjóri hafa haft heimild til að stofna til útgjalda. Það sem snýr að framkvæmdum og rekstri eigna hefur forstöðumaður Eignaumsjónar séð um. Ennfremur hafa húsverðir og forstöðumaður bókasafns haft heimildir til innkaupa vegna þess sem er á þeirra verksviði. Launavinnsla byggir á gögnum frá þessum aðilum og þeim ber að staðfesta kostnaðarreikninga sem færðir eru í bókhaldinu. Innheimta leikskólagjalda byggir á upplýsingum frá leikskólastjóra en innheimta annarra tekna byggir á upplýsingum frá skólastjóra eða húsverðum.

Rangárþing ytra hefur þegið þóknun fyrir þessa vinnu. Mikilvægt er að leggja mat á umfang þessarar vinnu og að þóknunin sé ákvörðuð á grundvelli samnings en slíkur samningur liggur ekki fyrir.

Áætlanagerð fyrir leikskóla hefur verið unnin af leikskólastjóra, áætlanagerð fyrir Menningarmiðstöðina í heild hefur verið unnin af skólastjóra, en forstöðumaður Eignaumsjónar



hefur áætlað fyrir rekstri eigna og framkvæmdum. Áætlanir þessar hafa öðlast gildi eftir að sveitarstjórnir beggja sveitarfélaganna hafa samþykkt þær.

Bókhald stofnanna er byggt upp með tilliti til þeirra reglna sem gilda um flokkun og greiningu í bókhaldi sveitarfélaga. Aðgreining eignareksturs og íbúðareksturs frá öðrum rekstri stafar m.a. af þessum reglum. Eignasjóðurinn tekjufærir reiknaða leigu sem færð er til gjalda hjá þeirri rekstrareiningu sem nýtir viðkomandi eign undir sína starfsemi. Í bókhaldi sveitarfélaganna er framlagi þeirra til rekstursins skipt upp á einstakar rekstrareiningar í samræmi við skiptingu kostnaðar samkvæmt bókhaldi samstarfsverkefnanna.

Framangreindir forstöðumenn hafa fengið upplýsingar úr bókhaldi innan ársins og hafa þannig haft möguleika á að gera athugasemdir við einstakar færslur og að fylgjast með framvindu fjárhagsáætlunar. Stjórnendur sveitarfélaganna hafa almennt ekki fengið upplýsingar úr bókhaldinu með markvissum hætti nema þegar ársuppgjör liggur fyrir. Borið hefur á ónákvæmni í upplýsingagjöf til stjórnenda sveitarfélaganna í tengslum við innheimtu á framlagi sveitarfélaganna til reksturs og framkvæmda. Ein ástæða þessa er sú að vantað hefur upp á að skilgreint sé hver beri ábyrgð á að taka saman, rýna í réttmæti og veita fjárhagsupplýsingar vegna verkefnanna.

Að okkar mati hefur ekki verið til staðar nægjanlega reglubundið eftirlit með bókhaldi, innheimtu og upplýsingagjöf frá þessum samstarfsverkefnum. Að einhverju leyti á það einnig við um upplýsingagjöf frá Húsakynnum bs.

Að okkar mati er tilefni til að koma fyrirkomulagi á innheimtu samstarfsverkefnanna á framlögum frá aðildarsveitarfélögunum í fastari skorður. Samhliða áætlanagerð er viðeigandi að gera greiðsluáætlun fyrir framlögin og innheimta þau frá sveitarfélögunum í samræmi við áætlunina. Nauðsynlegt er að ná betur utan um innbyrðis hlutföll sveitarfélaganna hvað varðar greiðslur innan ársins þannig að ekki skapist mikið ósamræmi milli viðskiptareikninga sveitarfélaganna við samstarfsverkefnin. Sé þetta í föstum skorðum er unnt að reikna vexti af þessum framlögum verði dráttur á greiðslum, t.d. með því að banki sjái um innheimtuna.

Rekið er mótuneyti á Laugalandi sem er nýtt bæði af grunnskóla og leikskóla. Bókhald þess hefur ekki verið hluti af bókhaldi samstarfsverkefnanna. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra hefur bókhald þess verið fært af öðrum aðila, en það nær til innkaupa á matvælum og innheimtu mótuneytisgjalds. Foreldrar greiða mótuneytisgjald til mótuneytisins sem nemur kostnaði við þessi innkaup. Starfsfólk mótuneytisins þiggur laun hjá Laugalandsskóla og er launakostnaður og annar kostnaður vegna mótuneytis færður í bókhaldi skólans.

Að okkar mati er mikilvægt að innkaup vegna mótuneytis séu færð í bókhaldi samstarfsverkefnanna. Mikilvægt er að þessi rekstur undirgangist sama innra eftirlit og annar rekstur og komi fram í reikningsskilum stofnananna. Þá er mikilvægt að gjaldskrá fyrir innheimtu mótuneytisins hljóti samþykki sveitarstjórna, enda er þessi rekstur á ábyrgð sveitarfélaganna eins og önnur starfsemi sem rekin er á þeirra vegum eða í samstarfi þeirra.

Sameiginlegum kostnaði við rekstur hefur verið skipt upp á einstakar stofnanir. Þarna er um að ræða húsvörslu, ræstingu, bókhald og endurskoðun, rafmagn og annan kostnað vegna notkunar

eigna og fleiri sameiginlega kostnaðarliði. Þessum liðum hefur verið skipt upp í eftirfarandi hlutföllum:

Bókasafn	2%
Grunnskóli	53%
Leikskóli	7%
Íþróttahús	17%
Sundlaug	17%
Ferðaþjónusta og félagsheimili	4%

Framangreind skipting er ekki byggð á formlegum samþykktum samráðsnefndar eða sveitarstjórnanna, heldur hefur verið stuðst við mat stjórnenda á hvað teljist eðlileg skipting miðað við aðstæður og hefur hún komið fram í fjárhagsáætlun Menningarmiðstöðvarinnar.

Í þeim tilfellum sem ein rekstrareining þiggur þjónustu eða afnot af eignum annarrar rekstrareiningar er viðeigandi að reikna afnot til tekna hjá þeirri rekstrareiningu sem veitir og til gjalda hjá þeirri rekstrareiningu sem þiggur þjónustuna eða afnotin. Þarna er m.a. átt við afnot skólanna af bókasafni, íþróttahúsi og sundlaug til kennslu og annarra nota. Þetta á einnig við um skiptingu á mótuneytiskostnaði milli skóla og leikskóla.

Mikilvægt er að fastmótaðar reglur gildi um skiptingu sameiginlegs kostnaðar og endurgjald fyrir afnot eða þjónustu milli rekstrareininga og að þær reglur endurspegli sem best raunkostnað og raunverulega notkun.

## Veikleikar

Undanfarin ár hefur reynsla rekstraraðila Laugarlands verið sú að fyrirkomulag er snýr að áætlanagerð, daglegum rekstri, ákvarðanatöku, stefnumótun og eftirliti með rekstri hafi ekki verið nægilega skilvirkt og skýrt. Í einhverjum tilvikum eru ekki nægilega skýr fyrirmæli um ábyrgð einstakra aðila og verkaskiptingu þeirra sem koma að starfseminni.

Í sumum tilvikum er um það að ræða að fyrirkomulag sem lagt var upp með hafi ekki gengið vel í framkvæmd og í öðrum tilvikum er um að ræða að skort hafi á að skýrar reglur væru til staðar um einstök atriði.

Í þessu sambandi má nefna að fundir samráðsnefndar sveitarfélaganna hafa ekki þótt nægilega markvissir. Fyrirliggjandi gögn gera ráð fyrir að samráðsnefndina skipi allir sveitarstjórnarmenn í Ásahreppi og fulltrúar í hreppsráði Rangárþings ytra auk sveitarstjóra, en í reynd hefur fyrirkomulagið verið þannig að allir kjörnir sveitarstjórnarmenn í Rangárþingi ytra sitja fundina. Á fundum nefndarinnar er oft eytt löngum tíma í að fjalla um mál sem síðan þarf að leggja fyrir

hvora sveitarstjórn fyrir sig til umræðu og samþykktar. Nefndin hefur þannig í raun ekki ákvörðunarvald sem slík.

Annað sem nefna má sem veikleika í þessu sambandi er að í fyrirliggjandi gögnum koma ekki fram nein úrræði ef aðildarsveitarfélögin eru ekki sammála um tiltekin málefni tengd samstarfsverkefnunum. Ef samráðsnefndin hefur t.d. samþykkt fjárhagsáætlun, önnur sveitarstjórnin samþykkir en hin ekki, þá hefur önnur sveitarstjórnin þannig í raun neitunarvald um starfsemina. Benda má á í þessu sambandi að samkvæmt sveitarstjórnarlögum er fjárhagsáætlun grundvallargagn um fjárheimildir sveitarfélaga og einstakra stofnana/deilda þeirra.

## Valkostir

Að því er varðar rekstrarform og þátttöku sveitarfélaganna má draga fram þrjá valkosti sem hér á eftir er gerð grein fyrir.

### 1. Núverandi fyrirkomulag styrkt.

Almennt fyrirkomulag varðandi rekstur og uppgjör verði í grunninn áfram með sama hætti en tiltekna breytingar gerðar á reglum og ferlum.

Yfir sameiginlegu verkefni verði sett þriggja manna rekstrarstjórn sem ber ábyrgð á að útbúa fjárhagsáætlanir fyrir stofnanirnar, sjá um ákvarðanir sem tengjast daglegum rekstri og hafa eftirlit m.a. með bókhaldi, innheimtu og fjárhagsstöðu. Í rekstrarstjórn gætu t.d. setið tveir frá Rangárþingi ytra og einn frá Ásahreppi. Til greina kæmi að hvor sveitarstjórn kjósi sína fulltrúa fyrir tiltekið tímabil eða að rekstrarstjórnin verði skipuð aðilum sem sinna tilteknum embættum hjá hvoru sveitarfélagi. Rekstrarstjórnin fundi a.m.k. einu sinni í mánuði og henni verði sett erindisbréf eða starfsreglur sem samþykktar eru af báðum sveitarstjórnunum. Skoða mætti hvort tilefni sé til að skilgreina framkvæmdastjóra.

Eigendafundur verði tvisvar á ári. Seturétt þar hafi kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaganna og sveitarstjórar. Á slíkum eigendafundi yrðu veittar almennar upplýsingar um reksturinn og umræður um stefnumótun. Engar ákvarðanir eru teknar á þessum fundum en mögulegt er að beina tillögum til rekstrarstjórnar.

Fjárhagsáætlanir og ársreikningar stofnananna á Laugalandi verði undirbúnar af rekstrarstjórn en þarfnast samþykktar beggja sveitarstjórna eftir sem áður.

### 2. Byggðasamlag stofnað.

Stofnað verði byggðasamlag um reksturinn í samræmi við ákvæði 82.–85. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Sveitarfélögin gera þá samning um stofnun byggðasamlags þar sem fram þarf að koma meðal annars hlutverk þess, fjöldi aðal- og varamanna í stjórn, fyrirkomulag á kjöri aðal- og varamanna í stjórn, kjörtímabil og annað sem máli getur

skipt. Einnig skulu í samningnum vera ákvæði um hvenær stjórnarfundur er ályktunarhæfur og um umboð stjórnar til að skuldbinda sveitarstjórnir. Þá skulu einnig vera ákvæði um í hvaða tilvikum þörf er staðfestingar sveitarstjórna á samþykktum sem gerðar eru í stjórn byggðasamlags.

Jafnframt yrði byggðasamlaginu settar samþykktir þar sem ítarlegar yrði fjallað um framangreind atriði og önnur þau atriði sem varða starfsemi þess. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum bera sveitarsjóðir einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlags sem þeir eru aðilar að en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu.

Með þessu fyrirkomulagi lægi ábyrgðin skýr fyrir, þar á meðal umboð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Til greina kæmi að framangreint byggðasamlag tæki eingöngu yfir reksturinn að Laugalandi og að eignirnar væru reknar í samstarfi sveitarfélaganna með sambærilegum hætti og fram til þessa. Einnig kæmi til greina að fasteignareksturinn væri færður ásamt öðrum rekstri í byggðasamlagið.

### **3. Annað sveitarfélagið taki yfir reksturinn.**

Samningur verði gerður um að annað sveitarfélagið taki yfir alla umsjón og ábyrgð á rekstri og eignum að Laugalandi. Slíkan samning þarf að gera skriflega og tilgreina með skýrum hætti kostnaðarskiptingu sveitarfélaganna og hvaða kostnaður fellur undir samninginn. Í samningnum þarf að fjalla ítarlega um réttindi og skyldur hvors samningsaðila. Að öðru leyti myndi það sveitarfélag sem tæki verkefnin yfir sjá um allt sem varðar rekstur og eignir.

Eigendafundur verði tvisvar á ári. Seturétt þar hafi kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaganna og sveitarstjórar. Á slíkum eigendafundi yrðu veittar almennar upplýsingar um reksturinn og umræður um stefnumótun. Engar ákvarðanir eru teknar á þessum fundum en mögulegt er að beina tillögum til sveitarstjórnar þess sveitarfélags sem tekið hefði yfir reksturinn.

Til greina kæmi að annað sveitarfélagið tæki eingöngu yfir umsjón og ábyrgð á rekstri þeirrar starfsemi sem fram fer á Laugalandi en eignareksturinn verði í samstarfi sveitarfélaganna með sambærilegum hætti og fram til þessa. Þá kæmi einnig til greina að ábyrgð og umsjón með eignunum yrði hjá öðru sveitarfélaginu þó reksturinn verði að öðru leyti í samstarfi sveitarfélaganna, annað hvort í formi byggðasamlags eða með núverandi fyrirkomulagi.

## Niðurlag

Hér að framan hefur verið fjallað um fyrirkomulag reksturs samstarfsverkefna Ásahrepps og Rangárbings ytra að Laugalandi. Fram kemur lýsing á því hvernig hefur verið staðið að þessum rekstri á undanförunum árum. Fjallað hefur verið um atriði sem að okkar mati er mikilvægt að styrkja í þessum rekstri og snúa m.a. að stjórnsýslu, ákvarðanatöku, innra eftirliti, fjármálastjórn og upplýsingagjöf. Þá hafa verið settir fram nokkrir valkostir um rekstrarform þessara verkefna.

Að okkar mati er mikilvægt að sveitarstjórnir sveitarfélaganna móti stefnu um rekstur þessara samstarfsverkefna til framtíðar. Mótaðar verði skýrar reglur um þau atriði sem fjallað er um hér að framan og hafa ekki þótt í nógu skýrum farvegi. Einnig verði tekin ákvörðun um rekstrarform. Stefnuþótun þessi og ákvörðun um rekstrarform ætti að okkar mati að hafa það að leiðarljósi að styrkja þá þætti sem ekki hafa gengið nógu vel.

Við gerum ekki tillögu um einn framangreindan kost frekar en annan. Við bendum þó á að flest það sem við teljum að þurfi að styrkja er viðeigandi óháð rekstrarformi. Af því leiðir að það telst ekki góður kostur að okkar mati, í þessu samhengi, að láta núverandi fyrirkomulag ganga áfram án þess að til komi viðeigandi ráðstafanir.

Við erum að sjálfsögðu reiðubúin til að gefa frekari upplýsingar um framangreint efni eða annað sem snertir vinnu okkar fyrir sveitarfélögin og samstarfsverkefni þeirra, verði þess óskað.

## **KPMG hf.**

Auðunn Guðjónsson

Sesselja Árnadóttir